

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 218/2018, um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2018.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Fyrir tímabilið 1. janúar 2018 til 31. desember 2018 er leyfilegur heildarafli sem hér segir:

	A	B	C
	Lestir	Lestir	Lestir
Alls	72.428	3.839	68.589

Skýringar á töflu:

A. Leyfilegur heildarafli.

B. Frádráttur skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%).

C. Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. maí 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.